

*Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi*

*20. mars 2014*

*Ágætu foreldrar/forráðamenn*

Ýmislegt skemmtilegt hefur verið á döfinni hjá okkur að undanfögnu. Má þar nefna grímuböll þar sem ýmsar furðuverur voru á kreiki. Sama má segja um öskudaginn en þá heimsóttum við 8 fyrirtæki í staðnum og fengum alls staðar frábærar viðtökur sem við þökkum innilega fyrir.

Við skelltum okkur á skíði í Tindastóli. Þar sáust skemmtileg tilþrif frá flestum nemendum og skemmtu allir sér hið besta.

Bjarney, Kristófer, Skarphéðinn og Sonja tóku þátt í skólahreysti fyrir hönd skólans. Kristófer vann meðal annars upphífingakeppnina en allir keppendur stóðu sig með stakri þryði.

Upplestrarkeppni skólans var haldin fimmtudaginn 13. mars og að vanda voru það nemendur 7. bekkjar sem tóku þátt í henni. Auður Ragna Þorbjarnardóttir og Ester María Eiríksdóttir voru sigurvegarar og Páll Elí Einarsson til vara, tóku þau því þátt í Upplestrarkeppni grunnskólanna sem haldin var í sal Bóknámshúss Fjölbautaskólans miðvikudaginn 19. mars. Ester María lenti þar í 3. sæti en öll stóðu þau sig mjög vel.

*Starfið framundan:*

*Danskennsla-danssýning.*

Seinni hluti danskennslunnar hefst mánudaginn 31. mars og lýkur með danssýningu fimmtudaginn 3. apríl kl. 15:30 í Höfðaborg þar sem við vonumst til að sjá ykkur sem flest.

*Íþrótt- og sundkennsla*

Í næstu viku, mánudaginn 24. mars, byrjar sundkennsla aftur og eru sundtímarnir á mánudögum og fimmtudögum, en þriðjudagstímarnir eru áfram íþróttatímar í Höfðaborg.

*Skákkynning*

Fimmtudaginn 27. mars munu fulltrúar frá Skákkfélagi Sauðárkróks koma og vera með stutta skákkynningu fyrir nemendur skólans.

*Láttu drauminn rætast*

Fimmtudaginn 27. mars kemur Þorgrímur Þráinsson í skólann og verður með fyrirlestur fyrir 9. og 10. bekk. Fyrirlesturinn er fyrst og fremst hvatning til nemenda um að bera ábyrgð á eigin velferð og hafa hugrekki til að fylgja hjartanu.

*Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi*